



21. ágúst 2017.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar.

MINNISBLAÐ

Gjaldfrjáls skóli – Mál 1508512

Framkvæmd á ritfangakaupum til grunnskóla Hafnarfjarðar

Þetta minnisblað er ritað til að kynna stöðu á framkvæmd á kaupum á ritföngum fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar haustið 2017. Kaup sveitarfélagsins á ritföngum var til umræðu í fræðsluráði þann 31. maí 2017 og síðan þann 14. júlí var ákvörðun tekin um að sveitarfélagið keypti ritföng fyrir nemendur þar sem 20 milljónum var úhlutað til þessarar framkvæmdar haustið 2017.

Ákveðið var að setja í gang örútbóð hjá Ríkiskaupum (26.07.17) vegna ritfangakaupanna strax í framhaldi samþykktar fræðsluráðs. Útbúinn var listi yfir ritföng og magn sem væri viðmiðun í tilboði.

Þrjú tilboð bárust og voru eftirfarandi:

- Egilsson A4 21.491.786 kr.
- Penninn 19.492.135 kr.
- Rekstrarvörur 32.081.614 kr.

Í framhaldi útbóðs var gert samkomulag við Pennann um ritfangakaupin um miðjan ágúst. Fulltrúar frá skrifstofu fræðslu- og frístundaþjónustunnar og grunnskólunum hittu þá fulltrúa Pennanns til að skoða þau ritföng sem höfðu verið hluti útbóðs og mátu hvort þau uppfylltu gæði – sem þau gerðu að mestu en í einstaka tilvikum þurfti að velja ný ritföng. Hver skóli skilgreindi nánar eigin ritföng sem hann hefði þörf fyrir handa nemendum. Sú pöntun átti sér stað 15. ágúst þar sem keyptar voru vörur fyrir rétt um 14 milljónir. Þá var ljóst að útundan voru ákveðnar vörur sem skólar töldu sig þurfa, dýrari vörur, mismunandi eftir skólum. Því er gert ráð fyrir að eftirstöðvar fjármagnsins, um 6 milljónir, deilist á

skólana eftir nemendafjölda sem gerir um 1.500 kr. á nemanda til að mæta séróskum skóla (t.d. trébox á borð, litastandar, heyrnartól, flóknir vasareiknar og sólarrafhlöðuvasareiknar). Þessum innkaupum er ekki lokið. Gert er ráð fyrir að ritfangapöntun til Pennans verði afgreidd að mestu í þessari viku til skólanna, þ.e. dagana 21.-25. ágúst. Þar sem þetta er í fyrsta skipti sem umrætt ferli á sér stað og fór frekar seint í gang má ætla að framkvæmdin verði ekki hnökralaus en báðir aðilar, þ.e. bærinn og Penninn, leggja sig alla fram um að leysa verkefnið sem farsælast og á sem stystum tíma.

Virðingarfyllt,



Vigfús Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla